



Ríkisfjármál – mjög erfið staða

Fyrri hluti 2013 lofar ekki góðu

Ríkisreikningur fyrir árið 2012 staðfesti, það sem sem margoft hefur komið fram í Hagsjám, að markmiðin um að ná tökum á rekstri ríkisins náðust ekki fyrir það ár. Fjárlög voru samþykkt með 21 ma.kr. halla, en endanleg niðurstaða var halli upp á 36 ma. kr.

Fjárlagafrumvarp ársins 2013 var búið til við aðstæður þar sem bjartsýni var að aukast um vænlegri hagþróun. Fjárlagafrumvarpið var samþykkt með tæplega 4. ma. kr. halla. Stjórnvöld héldu uppi jákvæðum tón varðandi ríkisfjármálin allan síðasta vetur, en samt sem áður komust ríkisfjármálin aldrei inn í umræðuna í kosningabaráttunni. Þáverandi ríkisstjórn taldi það sér væntanlega ekki í hag að fjalla ítarlega um stöðuna og stjórnarandstaðan vildi ekki láta sömu stöðu standa í vegi fyrir loforðum sínum.


Fjárlög eru marklítið plagg

Síðastliðin þrjú ár hefur halli á rekstri ríkisins að jafnaði verið tvöföld sú upphæð sem Alþingi samþykkti í fjárlögum. Í ár eru líkur á að endanlegur halli verði margfalt meiri en niðurstöðutala fjárlaga. Fjárlög virðast því vera marklítið plagg. Í nýlegu riti Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga kom sú skoðun stofnunarinnar fram að agi við framkvæmd fjárlaga hefði farið minnkandi og að hækkarir á fjárheimildum eftir samþykkt fjárlaga séu of miklar.

Nýjustu tölur staðfesta slæmar spár


Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013 var af stjórnvöldum talið bera þess merki að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum hefði skilað markverðum árangri og var það samþykkt með 3,7 ma. kr. halla.

Tölur um fjármál ríkisins á fyrri hluta ársins 2013 sýna að halli á rekstri hefur verið 22,5 ma. kr. eða 8,3% af tekjum. Samsvarandi tölur fyrir fyrri árshefning í fyrra voru 18,3 ma. kr. halli sem var 7% af tekjum. Þó niðurstaða af rekstri fyrri árshefninga þurfi ekki endilega að endurspegla lokaniðurstöðu



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Rekstrarniðurstaða fyrri árshefninga sem hlutfall af tekjum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

ársins ætti að vera ljóst að endanleg niðurstaða verður langt frá því sem að var stefnt, enda hafa yfirlýsingar fjármálaráðherra bent í þá átt. Upphafleg áætlun stjórnvalda og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins gerði ráð fyrir afgangi í ríkisfjármálum 2013. Því var síðan frestað til ársins 2014, og miðað við stöðuna nú hlýtur að teljast ólíklegt að það takist.

Fjáraukalög eru næsta skref

Síðastliðin þrjú ár hefur aukinn halli ríkisins ekki komið mikið fram í fjáraukalögum, yfirkeyrslan hefur yfirleitt ekki komið fram fyrr en á lokasprettinum í ríkisreikningi. Að þessu sinni hafa þau skilaboð komið ítrekað frá nýrri ríkisstjórn að staðan sé verri en talið var. Því má ætla að þess muni sjá merki í fjáraukalögum sem samþykkt verða nú í haust.

Óvissa vegna fjárlaga ársins 2014

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014 verður síðan lagt fram við upphaf þings í haust, og eins og áður segir er nokkuð ljóst að erfitt verður að ná þeim markmiðum sem sett voru um afgang í rekstri ríkisins á árinu 2014. Framlagningu fjárlagafrumvarps hefur verið frestað og hagræðingarnefnd situr að störfum. Óvissan í ríkisfjármálum er því mikil um þessar mundir, en myndin ætti að skýrast í byrjun október.


Skuldastaða ríkisins erfið

Langvarandi hallarekstri fylgir skuldasöfnun. Skuldir ríkisins um síðustu áramót voru rétt tæpir 2.000 ma. kr. sem nemur um 118% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Skuldir höfðu aukist um 77 ma. kr. frá árinu áður.

Hrein peningaleg eign ríkisins hefur rýrnað verulega á síðustu árum og var neikvæð um 864 ma. kr., eða um 50% af landsframleiðslu, um síðustu áramót.


Eins og áður segir eru ríkisfjármálin nú í mikilli óvissu og margir lausir endar óhnýttir. Nýjustu tölur sýna að skuldir ríkissjóðs voru um 1.913 ma. kr. núna um mitt ár og lækkuðu eilítið frá áramótum. Þær tölur eru þó alls ekki endanlegar og þess er frekar að vænta að þær færist til verri vegar en hitt.

Tekjujöfnuður í fjárreiðum ríkisins




Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans
Tölur fyrir 2013 miðast við stöðu í lok júní

Skuldir og hrein peningaleg eign



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans
Tölur fyrir 2013 miðast við stöðu í lok júní

Mikil vaxtabyrði vegna skulda

Þrátt fyrir að fjármögnunarkjör á markaði séu með allra hagstæðasta móti um þessar mundir í skjóli fjármagnshafta er greiðslubyrði vegna vaxta verulega íþyngjandi fyrir ríkissjóð. Vaxtabyrði nam undir 5% af tekjum ríkissjóðs á árunum fyrir hrun, en er nú í kringum 14%. Vaxtagjöld á árinu 2012 voru samkvæmt ríkisreikningi um 75 ma. kr. og höfðu aukist um rúma 10 milljarða frá árinu áður. Í fjárlögum ársins 2013 er gert ráð fyrir vaxtagjöldum upp á u.þ.b. 85 ma. kr. Til samanburðar má benda á að í fjárlögum ársins 2013 veitir ríkið um 42 ma.kr. til reksturs Landspítalans. Vaxtakostnaður ársins 2013 nemur því tvöföldum rekstrarkostnaði spítalans sé miðað við fjárlög.


Tímarnir verða áfram erfiðir

Fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2013 var fylgt úr hlaði með þeim orðum að það bæri þess merki að aðhaldssöm ríkisfjármálastefna undanfarinna ára, í kjölfar bankahrunsins, hefði skilað markverðum árangri. Þáttaskil væru að verða í þróun ríkisfjármála á Íslandi.

Þetta voru því miður ekki orð að sönnu og hætt er við að skilaboðin með fjárlögum ársins 2014 sem verða lögð fram innan skamms verði allt önnur. Vitað er um marga lausa enda í fjármálum ríkisins. Til að mynda var 13 ma.kr. eiginfjárframlag í Íbúðalánasjóð ekki fært á rekstrarreikning og allar líkur er á að ríkið þurfi að leggja sjóðnum til meiri fé von bráðar. Einnig á eftir að taka á neikvæðri stöðu lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna.

Æskilegt væri að ný ríkisstjórn hefji starf sitt við ríkisfjármál með því að ganga frá slíkum lausum endum.

Vaxtagjöld sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagfræðideild
Tölur fyrir 2013 byggja á fjárlögum og áætlaðri landsframl.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.